

1872.
2. nóvbr. ingsári er ætlað til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógeta, að borga tæða upphæð af jarðabókarsjóði Íslands, þegar þèr heimitið það.

2. nóvbr. **102. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast 28. f. m. að veita pretaskólakandídat Steindóri Jóhannsyni Briem leyfi til að láta vígjast til prests á þessu hausti, þótt hann sè ekki 25 ára að aldri.

Um leið og þetta verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjórið það, mælist stjórnarráðið til, að þèr fáið Steindóri Jóhannsyni Briem meðfylgjanda leyfisbréf í hendur.

4. nóvbr. **103. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kostnaðinn við byggingu fangelsis og hegningarhúss í Reykjavík.**

Eptir að þèr, herra stiptamtmaður, höfðuð leitað álits bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, hafið þèr í bréfi, dagsettu 22. ágústm. þ. á., látið í ljósi álit yðar um niðurjöfnun þeirra 22,270 rd., sem samið var um fyrir að byggja hegningarhús og fangelsi í Reykjavík, á dómsmálasjóð Íslands, jafnaðarsjóð suðuramtsins og Reykjavíkur kaupstað; utaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að eins og dómsmálastjórnin eptir því, hvernig ástatt er, eigi mun standa fast á því, að Reykjavíkur kaupstaður leggi til meir til þess hluta af tæðum